

Svar

innviðaráðherra við fyrirspurn frá Birni Leví Gunnarssyni um ferðakostnað og dagpeninga ráðherra.

Rétt er að taka fram að innviðaráðherra var ráðherra norrænna samstarfsmála á árunum 2017–2021. Ferðakostnaður ráðherra á því tímabili var að hluta greiddur af utanríkisráðuneytinu. Þær upplýsingar sem hér birtast eiga eingöngu við um ferðalög á vegum innviðaráðuneytisins (áður samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins).

1. *Hver er frá og með árinu 2018 árlegur fjöldi ferða ráðherra til útlanda vegna starfa á vegum ráðuneytis?*

Fjöldi ferða í eftirfarandi töflu nær fram til 14. október 2022.

	2022	2021	2020	2019	2018
Fjöldi ferða	3	0	1	5	4

2. *Hve háar voru árlegar greiðslur dagpeninga vegna þessara ferða?*

	2022	2021	2020	2019	2018
Dagpeningar	102.402	0	45.941	272.389	161.605

3. *Hversu oft á hverju ári fékk ráðherra $\frac{1}{3}$ hluta dagpeninga og hve oft $\frac{2}{3}$ hluta?*

	2022	2021	2020	2019	2018
Daghluti (u.þ.b. $\frac{1}{3}$)	3				
$\frac{2}{3}$ dagpeningar			1	5	4

4. *Hverjar voru árlegar fjárhæðir vegna hótalgistingar ráðherra annars vegar og hins vegar annars ferðakostnaðar?*

	2022	2021	2020	2019	2018
Hótalgisting	200.534			145.332	140.653
Fargjöld	509.479		62.145	682.284	502.310
Annar kostnaður	88.362		73.222	247.278	30.123

5. *Í hversu mörgum tilfellum hvert þessara ára var ráðherra ekið út á flugvöll í bifreiðum ráðuneytis og í hve mörgum tilfellum endurgreiddi ráðherra þann hluta dagpeninga sem ætlaður er til að standa undir þeim hluta ferðakostnaðarins?*

Ráðherrabilstjóri ekur ráðherra í erindagjörðum vegna starfa sinna í samræmi við reglugerð um bifreiðamál ríkisins. Reglur um ferðakostnað og önnur starfskjör ráðherra kveða á um greiðslur vegna ferðalaga.

6. *Hversu oft og hve háar voru árlegar endurgreiðslur ráðherra vegna styrkja og hvers konar hlunninda sem ráðherra naut erlendis og eiga samkvæmt reglum ferðakostnaðar-nefndar að koma til frádráttar almennum dagpeningagreiðslum?*

Ekki var um að ræða endurgreiðslur af því tagi sem spurningin vísar til.

7. *Ef við á, hvenær komst hefð á að leggja sérstakt mat á umfang hlunninda í ferðum ráðherra?*

Ráðuneytið hefur ekki litið svo á að ferðir ráðherra á erlendri grundu feli í sér sérstök hlunnindi.

8. *Ef við á, til hvaða aðgerða hefur verið gripið vegna ofgreiddra dagpeninga áður en farið var að leggja sérstakt mat á umfang hlunninda samkvæmt reglum um ferðakostnað og dagpeninga?*

Sjá svar við 7. lið.